

Hættið við sameiningu!

Ályktun fundar foreldra og íbúa í Hamra- og Bryggjuhverfi

Við, foreldrar og íbúar í Hamra- og Bryggjuhverfi, furðum okkur á þeim ásetningi borgaryfirvalda að flytja unglingadeild Hamraskóla í safnskóla í Foldaskóla haustið 2012, þrátt fyrir almenna og ítrekaða andstöðu foreldra og íbúa hverfisins og þrátt fyrir umsagnir og varnaðarorð menntamálaráðuneytis og fagaðila.

Engin sannfærandi rök hafa verið færð fyrir sameiningunni. Fjárhagslegur ávinningur virðist í besta falli vera óverulegur og kostnaður við sameininguna óþekkt stærð. Faglegir ágallar eru fjölmargir. Auk þess höfum við sýnt fram á ýmsar neikvæðar afleiðingar af sameiningunni fyrir börnin, skólastarfið, hverfin og umhverfið. Þar að auki er starfsemi Hamraseturs, sérdeildar fyrir einhverf börn við Hamraskóla, þar sem frábær árangur hefur náðst, í fullkominni óvissu og uppnámi.

Hamraskóli skarar fram úr á mörgum sviðum, samanber skýrslu um heildstætt mat á skólastarfinu, og teljum við að sá góði árangur geti verið í hættu með svo mikilli breytingu á skólanum sem niðurlagning þriggja bekkjardeilda er. Við teljum hag barnanna okkar ekki betur borgið með sameiningu unglingadeilda í safnskóla og hún muni ekki auka velferð þeirra.

Nú, þegar einungis fjórir mánuðir eru eftir af yfirstandandi skólaári, blasa enn við foreldrum fjölmargir óvissuþættir og enn er fjölda spurninga ósvarað um sameininguna og grunnþjónustu í Hamra- og Bryggjuhverfi, þrátt fyrir loforð um samráð og íbúalýðræði. Á fundum skóla- og frístundaráðs, áður menntaráðs, hafa ítrekað komið fram bókanir frá fagaðilum sem gagnrýna framkvæmd og verklag sameiningaferlisins. Við fordæmum hroðvirknisleg vinnubrögð ráðamanna og sættum okkur ekki við þau.

Á þessum grundvelli höfnum við sameiningunni og förum fram á að fallið verði frá henni.